

# Rím

## Karlrím (einrím)

- Karlrím eða einrím er það kallað þegar saman ríma **einsatkvæðisorð**.
- Dæmi: bíll-fíll, hús-mús, lús-krús, jól-hjól.

## Kvenrím (tvírím)

- Kvenrím eða einrím er það kallað þegar saman ríma **tveggja atkvæða orð**.
- Dæmi: bíllinn-fíllinn, flaska-taska, húsin-músin, jólin-hjólin.

## Veggjað rím (þrírím)

- Veggjaðrím eða þrírím er það kallað þegar **þriggja atkvæða orð** ríma saman.
- Dæmi: gardína-sardína, jólanna-hjólanna, Haraldur-faraldur.

---

## Endarím

- Rím í **enda** braglínu.

## Framrím

- Rím **fremst** í braglínu.

## Innrím (miðrím)

- Rím **inni** í braglínu

---

## Runurím

- Rímorðin standa í **röð** (runu) í hverri línunni af annarri.

## Víxlrím

- Rímorðin eru í annarri hverri braglínu, þ.e. á **víxl**.

---

## Flatrím

- Þegar saman ríma **endar þriggja atkvæða orða**:
  - Kenn-ar-i / nem-and-i

## Dæmi

Stefán vörur <b>veljandi</b> vænar summur <b>teljandi</b> . Bensínstraum <b>beljandi</b> bíleigendum <b>seljandi</b> .	endarím veggjað rím runurím	<b>Enn</b> er komin gleðistund <b>kennir</b> okkur glaðbeitt <b>hrund</b> . <b>Hennar</b> sem við sækjum <b>fund</b> <b>senn</b> mun kætast okkar <b>lund</b> .	endarím kvenrím runurím framrím
Engu <b>kvíðir</b> léttfær <b>lund</b> , ljúft er <b>stríði</b> að <b>gleyma</b> . Blesa <b>ríð</b> ég greitt um <b>grund</b> , Guðný <b>bíður</b> <b>heima</b> .	endarím kvenrím karlrím víxlrím innrím	Lífið manns er <b>leiðindi</b> , lunti, bölg og <b>andstreymi</b> , allra mesti <b>óþarfi</b> sem ekki svarar <b>kostnaði</b> .	endarím rumurím flatrím

- Sagt er að vísur séu **dýrt kveðnar** ef rímið er margbrotið.

## Kveður (bragliðir)

- Braglínur í ferskeytlum er skipt niður í einskona taktbil sem heita **kveður (bragliðir)** og eru tvö atkvæði í hverri kveðu (tvö klöpp).
- Þegar tvö atkvæði eru í hverri kveðu kallast það **tvíliður**.
- Kveðurnar eru merktar með því að draga línur yfir fyrstu kveðuna, þá niður og undir næstu kveðu, þá upp og yfir þriðju kveðuna og svo niður og undir þá fjórðu.
- Dæmi:

◦ Þó að ræða þín sé hlý ()

◦ þú sért góður talinn,

◦ finnst mér hverju orði í ()

◦ eitur broddur falinn.

- Kveðurnar skiptast í **hákveður** og **lágkveður**.
- Hákvæðan kemur alltaf fyrst (strik fyrir ofan), þá lágkvæðan (strik undir), þá aftur hákvæða, þá lágkvæða.
  - hákvæða lágkvæða
  - Þannig skiptast þær út braglínuna, hvað sem hún er löng.
- Kveðurnar eru merktar með því að draga línur yfir fyrstu kveðuna, þá niður og undir.
- Hver ný braglína byrjar á hákvæðu (nema þar sé **forliður**, sjá hér á eftir).
- Í síðustu kveðu 1. og 3. braglínu er aðeins eitt atkvæði.
- Í stað seinna atkvæðisins eru svigar, (). Þeir tákna þögn sem kemur í stað seinna atkvæðisins.
- Þessar kveður (bragliðir) sem eru styttri en hinar, aðeins eitt atkvæði, kallast **stýfðir liðir eða stúfar**.
- **Forliður**:
  - Stundum hefst braglínan ekki á hákvæðu, heldur á áherslulétu orði sem kallast forliður.
  - Sjá t.d. 1., 2. og 4. línu í þessu kvæði:

„Gegn vonsku heims og vélum manns

skal vopnum mínum snúið.”

Þjálfun hlaut og þaut til Frans,

en þá var stríðið búið.

e. Þórarin Eldjárn

## Ljóðstafir

- **Ljóðstafir** standa fremst í kveðum á ákeðnum stöðum í vísu eða kvæði. Ljóðstafir

heita:

- **stuðlar**
  - **höfuðstafir**
- Algengast er að þrjú ljóðstafir fylgist að, í tveimur braglínnum:

Margur fengi mettan kvið,

má því nærri geta,

yrði fólkíð vanið við

vind og sjó að éta.

- **Ofstuðlun** heitir það þegar ljóðstafir verða fleiri en þrjú í þessum tveimur braglínnum.

- Þreytulegir þykja þá
- Þeir sem ýsur draga
- Lúnir þegar líður á
- Langa, leiða daga.

- Svona kveðskapur (ofstuðlun) er kallaður **leirburður** og þeir sem þannig yrkja heita **leirskáld**.

### Sérhljóðar sem ljóðstafir

- Oftast eru ljóðstafir þrjú sama hljóðið (sami bókstafurinn).
- Það á þó ekki við ef sérhljóðar eru notaðir fyrir ljóðstafi. Þá má nota hvaða sérhljóða sem er.

Fræðslulögin öll sem eitt

ylja mínu hjarta.

Enda hef ég aldrei neitt

undan þeim að kvarta.

Falur

- Þegar sérhljóðar eru notaðir fyrir ljóðstafi þykir falletta að nota ekki tvisvar þann sama. Það er þó aðeins smekksatriði en ekki nein regla.

### Ljóðstafurinn s

- Samhljóðinn s er vandmeðfarinn sem ljóðstafur. Það stafar af því að taka verður tillit til þess hvaða hljóð kemur næst á eftir.
- Ef s er ljóðstafur og næsti stafur á eftir er k, l, m, n, p eða t verður einnig svo að vera í hinum ljóðstöfunum.
- Öðru máli gegnir um s +sérhljóða. Fari sérhljóði næst á eftir ljóðstafnum s má það vera hvaða sérhljóði sem er. Sama gildir um sj og sv.

Mastrið syingur sveigt í keng

seglið kringum hljómar.

Raddir þvinga úr stagi og stremg

stormsins fingurgómar.

Stephan G. Stephansson

### Hvar mega ljóðstafir standa í ferskeytlum?

1. Annar af stuðlunum tveimur verður alltaf að vera í þriðju kveðu.

- Það er sama hvort það er sá fyrri eða sá seinni.

Ingi, Beggi, Addi, Geir,

Ása, Brynja, Nína.

## 2. Höfuðstafurinn verður alltaf að standa fremst í braglínu.

- Stundum kemur þó forliður framan við fyrstu kveðuna, hann er áherslulaus.

Ljóðstafur má aldrei vera í forliðnum.

Gústi, Alli, **F**innur, Freyr,

Fanney, Begga, Lína.

**Þessar tvær reglur eru undirstöðuatriði í ljóðstafasetningu!**